


ÁRSSKÝRSLA 2019

ÁRSSKÝRSLA 2019

SKÝRSLA STJÓRNAR	5
ÁRSREIKNINGUR 2019.	23



STARFSEMIN

STARFSMANNAHALD OG STJÓRN

Um áramótin 2018/19 urðu framkvæmdastjóraskipti og tók Valgerður G. Halldórsdóttir við sem framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar þann 1. janúar 2019. Aðrir starfsmenn Tónverkamiðstöðvar eru Oliver Kentish sem starfaði við afgreiðslu og skráningu í 34% starfshlutfalli og Aðalheiður Þorsteinsdóttir sem starfaði í 45% starfshlutfalli. Aðalheiður starfar við flokkun, skönnun og skráningu á nótnagjöfum til miðstöðvarinnar, yfirferð á nótnasafni í Landsbókasafni og innleiðingu ISMN númera.

Stjórn Tónverkamiðstöðvar skipa Hildigunnur Rúnarsdóttir, Egill Gunnarsson, Gunnar Andreas Kristinsson og Bergljót A. Haraldsdóttir. Gunnar Andreas er stjórnarformaður og var endurkjörinn sem slíkur á síðasta aðalfundi.

HÚSNÆÐI – TÓNKLASINN

Tónverkamiðstöð hefur verið starfrækt að Laugavegi 105 síðan í apríl 2014. Miðstöðin deilir þar húsnæði með öðrum tónlistartengdum aðilum en á árinu 2019 voru í sama húsnæði ÚTÓN (Útflutningskrifstofa íslenskrar tónlistar), Tónlistarborgin Reykjavík, Stelpur rokka, listrænn stjórnandi Myrkra músíkdaga, Iceland Sync og Íslandsútibú Sony Music Denmark og nokkrir sjálfstætt starfandi einstaklingar í tónlistargeiranum.

Geymsla nótna eftir skráningu, bæði frumgerða, afrita og handrita er í kjallara Landsbókasafnsins í sérstökum hillum sem Tónverkamiðstöð var úthlutað.

RÁÐGJÖF

Tónverkamiðstöð er ætíð reiðubúin til samtals við tónskáld, flytjendur og skipuleggjendur tónlistarhátíða og veita allir starfsmenn miðstöðvarinnar ráð eftir því sem við á.

GAGNAGRUNNUR

Kerfi vefverslunar Tónverkamiðstöðvar (shop.mic.is) er hannað af norsku nótnaútgáfunni Cantando. Fyrir aðgang að kerfinu er greitt árgjald og kerfislægar uppfærslur eftir þörfum innifaldar. Bakendi kerfisins, umsjónarkerfið, er gagnagrunnur Tónverkamiðstöðvar en þar eru öll tónverk skráð í safn miðstöðvarinnar.

HEIMASÍÐA TÓNVERKAMIÐSTÖÐVAR

Tími var kominn til að uppfæra heimasíðu Tónverkamiðstöðvar og árið 2019 var hafist handa við uppsetningu nýrrar síðu í nýju umsjónarkerfi. Sú vinna var alfarið í höndum framkvæmdastjóra miðstöðvarinnar og kom ekki til aukins kostnaðar vegna uppsetningar eða vefhönnunar. Ný íslensk heimasíða fór í loftið rétt fyrir áramót. Síðan verður áfram í þróun. Til að mynda er ráðgert að enskur hluti síðunnar fari í loftið haustið 2020 og ráðgert er að nýr hluti heimasíðunnar, tónskáldaskrá með tengingu við vefverslunina og kynningarsíður tónskálda verði birt skömmu síðar.

Íslenski hluti síðunnar mun sem fyrr vera upplýsingaveita um þjónustu miðstöðvarinnar fyrir tónskáld, upplýsingar um tækifæri fyrir tónskáld, styrki og annað. Eins er hún tenging fyrir íslenska kaupendur að nótum inn á vefbúð miðstöðvarinnar shop.mic.is. Enska síðan er aðallega hugsuð sem tenging fyrir kaupendur að nótum, en einnig upplýsingaveita um samtímatónlist á Íslandi.

Tækifæri fyrir tónskáld

Tónverkamiðstöð heldur úti lista á heimasíðu miðstöðvarinnar með yfirliti yfir styrki sem tónlistarmenn á Íslandi geta sótt í hér innanlands og utan. Styrkjalistinn er mikið nýttur og er mest lesna síða heimasíðu Tónverkamiðstöðvar á íslensku. Tónverkamiðstöð fær einnig reglulega tölvupósta um ýmsar tónsmíðakeppnir og residensíur fyrir tónskáld. Þessi tækifæri eru birt á samfélagsmiðlum Tónverkamiðstöðvar eftir því sem við á.

JÓN LEIFS

Jón Leifs er eina tónskáldið sem hefur verið með sérstakan útgáfusamning við miðstöðina þar sem getið er um að Tónverkamiðstöð sé eini útgefandi verka Jóns Leifs. Nær samningurinn til allra verka Jóns Leifs. Í samningnum er ákvæði um að eftir dauða Þorbjargar Leifs renni 33% af höfundargreiðslum STEFs til Tónverkamiðstöðvar. Eftir andlát Þorbjargar hafa þessar greiðslur frá STEFi farið inn á sérreikning hjá Tónverkamiðstöð og hefur sá sjóður verið nýttur til að viðhalda verkum Jóns, verkefni fram að þessu hafa öll snúið að tölvusetningum. Útgáfusamningurinn rann út 31. desember 2018 en í apríl 2019 var skrifað undir viðauka sem kveður á um að upphaflegur útgáfusamningur framlengist sjálfkrafa um fimm ár sé honum ekki sagt upp með árs fyrirvara.

NÓTNASAFN

NÓTNAGJAFIR

Tónverkamiðstöð berast iðulega nótnagjafir og einkasöfn til yfirferðar og skráningar. Þessi vinna er tímafrek og þarf sérhæft fólk til. Aðalheiður Þorsteinsdóttir hefur haft veg og vanda af yfirferð og skráningu verka úr nótnagjöfum undanfarin ár. Tónverkamiðstöð fékk stóra gjöf frá **Atla Heimi Sveinssyni** árið 2018 og er allt hans einkasafn komið til Tónverkamiðstöðvar. Sú vinna hélt áfram á árinu 2019 og er langt komin.

Á árinu 2019 fór Aðalheiður yfir einkasafn **Gunnars Reynis Sveinssonar** en safn hans hafði lengi beðið skoðunar. Safnið er yfirgripsmikið og var flókið yfirferðar en nú eru mörg verk sem ekki höfðu verið aðgengileg áður, aðgengileg í vefverslun miðstöðvarinnar.

Erfingjar **Ingibjargar Þorbergs** afhentu Tónverkamiðstöð einkasafn hennar til yfirferðar og skráningar og nú eru tæplega tvö hundruð verk eftir hana í vefbúðinni sem ekki höfðu verið aðgengileg með þessum hætti áður.

ISMN-NÚMER

ISMN-númer eru alþjóðlegur númerastaðall sérstaklega fyrir útgáfu nótna. Skammstöfunin stendur fyrir *International Standard Music Number* sem er hluti af ISO-staðlinum og er systurnúmerakerfi ISBN-númerakerfisins sem er notað í bókaútgáfu. Landsbókasafn Íslands úthlutar númeraröðum og er númeraröðin sem Tónverkamiðstöð er úhlutað bundin miðstöðinni sem útgefanda. Skrá yfir íslenska nótnaútgefendur og notendur ISMN-númera er svo hluti af International ISMN Database (<https://www.ismn-international.org/>).

Á árinu 2018 fékkst styrkur að upphæð tvær milljónir króna frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til innleiðingar ISMN-númerakerfis og dugur sá styrkur til að merkja öll ný tónverk sem miðstöðinni berast og um 20% af safninu, eða um 2000 tónverk. Innleiðing ISMN-númera hófst í lok árs 2018 og hélt áfram jafnt og þétt árið 2019. Hluti styrkuppþæðarinnar (80%) kom til greiðslu á árinu 2018 og stóð straum af þeirri vinnu árið 2019. Styrkuppþæðin er færð með rekstrarstyrk ráðuneytisins í ársreikningnum og skýrir að mestu leyti mun á framlagi ráðuneytisins milli árana 2019 og 2018. Árlegt rekstrarframlag ráðuneytisins fyrir árið 2019 var 15,6 milljónir króna eins og rekstrarsamningur við ráðuneytið kveður á um.

Við innleiðingu ISMN-númeramerkingar varð til nýtt vinnuferli hjá miðstöðinni en reynslan hefur sýnt að skráningin á eldri verkum er tímafrekari en ráð var fyrir gert. Áætlað var að skráningu þessa hluta safnsins lyki um mitt ár 2019 en raunin varð að henni lauk ekki fyrr en í maí 2020. Þetta þýðir að lokagreiðsla (20%) vegna þessa hluta berst ekki fyrr en árið 2020. Skráning ISMN-númera er nú orðin hluti af skráningarferli nýrra verka.

Starfsmenn við skráningu vinna í hlutastörfum og tekur skráning ISMN-númera eldri verka um þriðjung starfstíma þeirra en þeir sinna einnig sölu, afgreiðslu og upplýsingagjöf ásamt öðrum störfum sem lúta að nótnasafninu. Nú, þegar búið er að númerasetja rétt tæplega tvö þúsund tónverk, sýnir reynslan okkur að skráning ISMN-númera á safneignina tekur lengri tíma að meðaltali en áætlað var upphaflega og þarf áfram að sækja nýtt fjármagn til að hægt sé að ljúka ISMN-skráningu alls nótnasafnsins.

TÖLVUSETNINGAR NÓTNA

Ráðgjöf er mikilvægur hluti af starfsemi Tónverkamiðstöðvar. Eitt af því sem kemur oft upp í spjalli við tónskáld er tölvusetning nótna, bæði bestu aðferðir og hvert skal leita. Á vefsíðu Tónverkamiðstöðvar eru leiðbeiningar um nótnasetningu eða tölvusetningu nótna. Til að skerpa enn frekar á þeim leiðbeiningum funduðu starfsmenn Tónverkamiðstöðvar með Össuri Geirssyni sem hefur t.a.m. tölvusettt mörg stærri verka Jóns Leifs ásamt því að búa yfir mikilli reynslu af hinum ýmsu nótnasetningarforritum. Uppfærðar leiðbeiningar voru í framhaldi settar inn á vefsíðu Tónverkamiðstöðvar.

Tónverkamiðstöð stendur eingöngu fyrir tölvusetningu handskrifaðra verka elstu kynslóðar tónskálda. Viðmiðunarreglan er að flutningur verks sé fyrirliggjandi og viðkomandi verk sé eingöngu til í handskrifuðu handriti. Aðkoma Tónverkamiðstöðvar er háð fjármögnun tölvusetningarinnar og er sótt um styrk fyrir þeirri vinnu í Nótnasjóð STEFs.


Tölvusetning verka Jóns Leifs er undantekning frá ofangreindu en hlutur Tónverkamiðstöðvar af höfundargreiðslum frá STEFi stendur straum af tölvusetningum verka hans. Engin verk voru tölvusettt á árinu 2019.

NÓTNASALA

Tekjur af nótnasölu og leigu voru rétt um 22% af heildartekjum Tónverkamiðstöðvar árið 2019 og er það sama hlutfall og árið 2018. Markmiðið er að nótnasalan standi undir sér, því rekstrarstyrkur miðstöðvarinnar frá Menntamálaráðuneytinu er ætlaður fyrir Umsýslu við nótnasafnið og kynningarmál.


Heildartekjur af sölu árið 2019 voru 5.548.631 kr. Tekjurnar eru nokkuð breytilegar frá ári til árs en leiga hljómsveitarverka er sem fyrr stór breyta í tekjuöflun Tónverkamiðstöðvar. Meðfylgjandi er yfirlit af heildartekjum vegna sölu og leigu tónverka undanfarin fimm ár. Árið 2019 var það söluhæsta í vefversluninni frá upphafi.

HEILDARSALA OG LEIGA TÓNVERKA 2015-2019




Á næstu mynd má sjá samanburð á mánaðarlegri og uppsafnaðri heildarsölu árána 2019 og 2018. Hér er tekin saman sala og leiga tónverka sem fór fram í gegnum afgreiðslu, síma eða tölvupóst. Hér eru ekki taldar tekjur sem koma af sölu í vefverslun Tónverkamiðstöðvar.

MÁNAÐARLEG OG UPPSÖFNUÐ HEILDARSALA 2018 OG 2019




Nokkuð mikil sveifla er í sölutölum milli mánaða, en það skýrist af því að tekjur af leigu hljómsveitarverka geta verið mjög miklar og eru þá oft afgreidd fleiri en eitt verk í einu. Stærsti einstaki viðskiptavinur Tónverkamiðstöðvar er Sinfóníuhljómsveit Íslands en sársamningur við Menntaskólann við Hamrahlíð um nótnakaup fleytir þeim í annað sætið.

10 STÆRSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR 2019



Vefverslun Tónverkamiðstöðvar, shop.mic.is, var opnuð haustið 2015 og hefur salan þar aukist jafnt og þétt frá opnun. Árið 2019 var söluhæsta ár frá upphafi vefverslunarinnar en sala í gegnum vefverslun nam 1.151.217 kr. og jókst um tæplega átta prósent frá árinu 2018.


SALA Í VEFVERSLUN 2015-2019



Kórverkið *Eg vil lofa eina þá* (SATB) eftir Báru Grímsdóttur var mest selda einstaka tónverkið í vefbúðinni.

Söluhæsta tónskáld Tónverkamiðstöðvar árið 2019 var Jón Leifs en hann hefur skipað það sæti undanfarin ár. Höfundarlaun vegna ársins 2019 nema samtals 1.069.730 og sýnir meðfylgjandi mynd hlutfallslega skiptingu þeirra milli þeirra 26 tónskálda sem fá greidd höfundarlaun vegna sölu og leigu tónverka á árinu 2019.

SKIPTING HÖFUNDARLAUNA FYRIR ÁRIÐ 2019



■ Jón Leifs	■ John A. Speight	■ Hugi Guðmundsson	■ Þorsteinn Hauksson
■ Páll Ísólffson	■ Snorri Sigfús Birgisson	■ María Huld Markan Sigfúsdóttir	■ Sveinn Lúðvík Björnsson
■ Atli Heimir Sveinsson	■ Þorkell Sigurbjörnsson	■ Anna Þorvaldsdóttir	■ Haukur Tómasson
■ Bára Grímsdóttir	■ Hjálmar H. Ragnarsson	■ Jón Ásgeirsson	■ Þuríður Jónsdóttir
■ Hafliði Hallgrímsson	■ Áskell Másson	■ Jón Nordal	■ Hildigunnur Rúnarsdóttir
■ Sigurður Sævarsson	■ Ingibjörg Þorbergs	■ Bára Gísladóttir	■ Karólína Eiríksdóttir
■ John Hearne	■ Hafliði Hallgrímsson	■ Einar Kristján Pálsson	

Tuttugu og eitt íslenskt hljómsveitarverk var leigt til flutnings á árinu 2019. Tekjur af leigu hljómsveitarverka námu 2.324.977 kr. á árinu 2019. Meðfylgjandi tafla sýnir verk sem voru leigð á árinu 2019, raðað eftir tónskáldum í stafrófsröð. Frumflutningur verka er sérstaklega merktur í töflunni. Leiguverk eru verðlögð eftir mínútuverði.

LEIGÐ TÓNVERK Á ÁRINU 2019

Tónskáld	Tónverk
Áskell Másson	Epilogue
Atli Heimir Sveinsson	Hjakk
Atli Heimir Sveinsson	Alla Turca etc.
Atli Heimir Sveinsson	Icerapp 2000
Bára Gísladóttir	Ós
Haukur Tómasson	Píanókoncert nr. 2
Hugi Guðmundsson	f Box
Hugi Guðmundsson	f Interrobang
John A. Speight	f Symphony Nr. 5
Jón Leifs	Hekla
Jón Leifs	Geysir
Jón Leifs	Variatione Pastorale
Jón Leifs	Sögusinfónían III kafli
Jón Leifs	Rímnadanslög
Jón Leifs	Vorvísa
Karólína Eiríksdóttir	Toccatá
María Huld Markan Sigfúsdóttir	f Clockworking
Páll Ísólffsson	f Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar
Snorri Sigfús Birgisson	f Konsert f. hljómsveit
Sveinn Lúðvík Björnsson	f Glerhjallar
Þorsteinn Hauksson	f Symphony Two

f = frumflutningur

KYNNINGARSTARF – ERLENT SAMSTARF

Það ber iðulega á góma að íslensk tónlistasena, gæði íslenskrar tónlistar og tónlistarmanna fari fram úr væntingum flestra, ekki síst þegar hið margumrædda fámenni á Íslandi er haft í huga og hvað tónlistargeirinn á Íslandi er lítill í heimssamhenginu. Sígild og samtímatónverk þarfnast flytjenda til að heyrast því í þeim geira tónlistar eru tónskáld sjaldnast flytjendur eigin verka. Fjölbreytt kynningarstarf með tilheyrandi eftirfylgni ásamt tengslamyndun eru þess vegna gríðarlega mikilvægir þættir í starfi Tónverkamiðstöðvar til að ná til flytjenda, svo íslensk tónverk nái til áheyrenda sem víðast.

MARKAÐSSETNING Á HLJÓMSVEITARVERKUM

Í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands er öllum gestahljómsveitarstjórum gefin gjöf með fjórum tónverkum, raddskrá (nótum) og upptökum. Með gjöfinni fylgir lítill bæklingur með upplýsingum um þjónustu Tónverkamiðstöðvar og upplýsingar um verkin. Þetta er gullið tækifæri til kynningar þar sem hljómsveitarstjórnarnir eru þeir sem hafa oft hvað mest að segja um hvaða verk eru sett á dagskrá hjá sinfóníuhljómsveitum. Sí býr við þá sérstöðu að fá til sín mjög marga hljómsveitarstjóra á hverju ári.

CLASSICAL:NEXT

Classical:NEXT (C:N) er sölusýning og ráðstefna í sígildri og samtímatónlist. Ráðstefnan var fyrst haldin árið 2012 og hefur síðustu ár verið haldin í Rotterdam í Hollandi. C:N hefur fest sig í sessi sem einn helsti vettvangur til kynningar og tengslamyndunar á sviði sígildrar og samtímatónlistar. Þeir sem sækja ráðstefnuna eru ýmsir hag- og fagaðilar í sígildri og samtímatónlist, s.s. tónskáld, blaðamenn, hljómsveitarstjórar, listrænir stjórnendur hátíða, útgefendur og fleiri.

Framkvæmdastjóri sótti ráðstefnuna árið 2019 til að kynna sér umhverfið og til tengslamyndunar. Ísland hefur einu sinni verið með bás á Classical:Next en það þarf að vega og meta hagkvæmni og ágóða þess að vera með bás á slíkri sýningu en C:N er vænlegur vettvangur fyrir tónskáld, listræna stjórnendur o.fl. til að sækja sér tengsl og innblástur.

IAMIC

Tónverkamiðstöð vinnur markvisst að því að byggja upp alþjóðlegt tengslanet innan samtímatónlistar. Þetta er m.a. gert með aðild og virku starfi innan IAMIC (International Association of Music Information Centres) og með því að sækja eins marga viðburði og hátíðir sem tengjast samtímatónlist hérlendis og erlendis eins og hægt er. Framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar var kjörin í stjórn IAMIC á aðalfundi samtakanna sem á árinu 2019 var haldinn í aprílmánuði í Tallinn, Eistlandi.



Nýkjörin stjórn IAMIC. Tallinn, apríl 2019. (F.v.): Michalis Karakatsanis (CyMIC, Kýpur / forseti), Jonathan Grimes (CMC, Írlandi), Stef Coninx (Flanders Art Institute, Belgíu), Diana Marsh (Sounz, Nýja-Sjálandi), Deborah Keyser (Tŷ Cerdd, Wales), Frank J. Oteri (New Music Box, Bandaríkjunum), Valgerður G. Halldórsdóttir (IMIC) og Peter Baroš (Music Slovenia, Slóveníu).

ISCM

ISCM (International Society of Contemporary Music) eru alþjóðleg samtök hagaðila í samtímatónlist. Tónskáldafélag Íslands á aðild að samtökunum og sótti framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar aðalfund ISCM f.h. Tónskáldafélagsins. Fundurinn var haldinn í apríl í Tallinn í tengslum við tónlistarhátíð ISCM, á undan aðalfundi IAMIC.

Tónlistarhátíð ISCM nefnist World New Music Days og er ein umfangsmesta tónlistarhátíð heims í samtímatónlist. Meðlimir hátíðarinnar skiptast á að halda hana og kalla eftir innsendingum á tónverkum til flutnings á hátíðinni. Árið 2019 var hátíðin haldin samhliða Estonian Music Days. Verkið "... e mezzo" eftir Ríkharð H. Friðriksson var flutt á hátíðinni.



VIÐBURÐIR OG HÁTÍÐIR

Gott tengslanet er dýrmætur hluti af kynningarstarfi í tónlist. Ný tengslamyndun er mikilvæg sem og efling og ræktun þeirra tengsla sem fyrir eru. Í því skyni sækir framkvæmdastjóri eins marga viðburði, ráðstefnur, fundi og tónlistarhátíðir og er gerlegt, bæði innanlands og erlendis. Á árinu 2019 sótti framkvæmdastjóri fjölmarga viðburði innanlands ásamt því að hún sótti hátíðir og ráðstefnur sem minnst var á hér að framan. Þar fyrir utan sótti framkvæmdastjóri tónlistarhátíðina New Music Dublin í mars 2019 og eins Islandfest í Konzerthaus Berlin í nóvember 2019. Víkingur Heiðar Ólafsson var þá staðarlistamaður hússins og lauk Sinfóníuhljómsveit Íslands þar tónleikaferð sinni um Þýskaland og Austurríki. Fjölmargir íslenskir listamenn komu fram á hátíðinni og fluttu fjölbreytta íslenska tónlist.



NORRÆNIR MÚSÍKDAGAR

Norrænir músíkdagar voru haldnir í Bodø í Noregi árið 2019. Yfirleitt sækir framkvæmdastjóri hátíðina en svo bar við að Islandfest í Konzerthaus bar upp á sama tíma og óhægt um vik að sækja báðar hátíðir.

SAMSTARF VIÐ ÚTÓN

Rætt hefur verið að efla samstarf við ÚTÓN þegar kemur að kynningu á samtímatónlist. Samstarfið er ekki í föstum skorðum en liður í auknu samstarfi var að ÚTÓN tók þátt í ferðakostnaði framkvæmdastjóra Tónverkamiðstöðvar í ferðum á tónlistarhátíðir og ráðstefnur á árinu 2019. ÚTÓN greiddi 50.000 kr. af ferðakostnaði þriggja ferða framkvæmdastjóra; á New Music Dublin, ferð á tónlistarhátíð ISCM í Tallinn og ferð á Classical Next í Rotterdam, samtals 150.000 krónur. Einnig óskar ÚTÓN eftir ábendingum fyrir fréttabréf Iceland Music um samtímatónlist. Að öðru leyti er samstarfið óreglulegt.

ÍSLANDSSTOFA: FAGRÁÐ SKAPANDI GREINA


Framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar á sæti í fagráði skapandi greina hjá Íslandsstofu ásamt fleiri stjórnendum miðstöðva lista og skapandi greina og annara hagaðila. Fagráðið hefur löngum verið faglegt bakland og vettvangur samtals innan lista og skapandi greina um alþjóðlega markaðssetningu. Það hefur skapað mikilvæg tengsl milli Íslandsstofu, miðstöðva skapandi greina og stjórnvalda. Við skipulagsbreytingar og ný lög um Íslandsstofu var Útflutningsráð Íslandsstofu stofnað þar sem sæti eiga um 40 aðilar. Þar af eru tveir frá listum og skapandi greinum: Halla Helgadóttir frá Hönnunarmiðstöð og Birna Hafstein frá Sviðslistasambandinu. Skipulagsbreytingarnar hafa breytt starfsemi og virkni fagráðsins þó það hafi ekki verið lagt formlega niður.

SÉRVERKEFNI

YRKJA

Yrkja er starfsþróunarverkefni Tónverkamiðstöðvar fyrir tónskáld. Verkefnið parar saman valin tónskáld úr ólíkum áttum við úrval íslenskra listastofnana.

Fjórða Yrkjuverkefninu lauk á Myrkum músíkdögum 2019 með frumflutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á verkunum *O* eftir Ingibjörgu Ýri Skarphéðinsdóttur og *Memories Wavering Echo* eftir Hauk Harðarson en þau höfðu starfað að tónsmíðum fyrir hljómsveitina undir handleiðslu Önnu Þorvaldsdóttur.



YRKJA IV: Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir, Anna Þorvaldsdóttir og Haukur Harðarson á lokaæfingu fyrir Yrkjutónleika á Myrkum músíkdögum 2019

Fimmta Yrkju-verkefnið með Sinfóníuhljómsveit Íslands hófst svo í kjölfarið. Tónverkamiðstöð og Sinfóníuhljómsveit Íslands buðu tveimur tónskáldum, þeim Sigurði Árna Jónssyni og Eygló Höskuldsdóttur Viborg að verja níu mánuðum með hljómsveitinni og þróa færni sína í að skrifa fyrir hljómsveit undir handleiðslu Önnu Þorvaldsdóttur staðartónskálds SÍ. Tónskáldin fengu innsýn í starfsemi hljómsveitarinnar, unnu náíð með hljóðfæraleikurunum, hljómsveitarstjóra, skrifstofu og yfirstjórn SÍ.

Á heimasíðu Tónverkamiðstöðvar er yfirlit yfir verkefnið og tónskáldin sem tekið hafa þátt í Yrkju. Yrkju-verkefnið hefur notið styrkja frá Tónskáldasjóði RÚV og STEFs en Tónverkamiðstöð sækir um styrk fyrir tónsmíðavinnunni sem rennur að fullu til tónskáldanna.



Fyrsti fundur tónskálda í YRKJU V með hljómsveit og mentor. F.v.: Hjördís Ástráðsdóttir, verkefnisstjóri hjá SÍ, Eygló Höskuldsdóttir Viborg, Anna Þorvaldsdóttir og Sigurður Árni Jónsson

SÉRSAMNINGUR VEGNA NÓTNASAFNS KÓRS MENNTASKÓLANS VIÐ HAMRAHLÍÐ

Samningur var framlengdur við Menntaskólann við Hamrahlíð um uppbyggingu nótnasafns kórsins. Samningurinn var í gildi starfsárið 2019-2020 en mun ekki halda áfram í óbreyttri mynd. Fyrirhugað er að fara í sérstakt tveggja ára átak til að hvetja skólakóra til að kaupa nótur að kórverkum hjá Tónverkamiðstöð.



Frá málþingi um kvikmyndatónlist á RIFF: Efsta mynd t.v.: Annette Gentz. Efsta mynd t.h.: Pétur Jónson, Davíð Þór Jónsson, Benedikt Erlingsson. Mynd í miðju, f.v.: Annette Gentz, Atli Örvarsson, Jófríður Ákadóttir, Marteinn Thorsson, Dustin O'Halloran og Tryggvi M. Baldvínsson.

MÁLÞING UM KVIKMYNDATÓNLIST Á RIFF

Tónverkamiðstöð, STEF, ÚTÓN og RIFF stóðu að málþingi um kvikmyndatónlist á Reykjavík International Film Festival (RIFF), hinu fyrsta sinnar tegundar. Þingið var haldið í Norræna húsinu 3. október 2019 og bar yfirskriftina *Breaking & Entering: Að brjótast inn í heim kvikmyndatónsmíða*. Aðalfyrirlesari var Annette Gentz, umboðsmaður hjá Annette Gentz Music and Film Arts í Þýskalandi en hún er í fararbroddi umboðsmanna í Þýskalandi á sviði kvikmyndatónlistar. Í pallborði var fagfólk á sviði kvikmyndatónlistar sem deildi þekkingu varðandi það að hasla sér völl sem kvikmyndatónskáld. Pallborðsstjóri var Tryggvi M. Baldvinsson, deildarforseti Tónlistardeildar LHÍ.

SAMSTARF KYNNINGARMIÐSTÖÐVA SKAPANDI GREINA

Í síðustu ársskýrslu var greint frá vinnu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MRN) við að „kanna til hlítar kosti og galla fyrir sameiningu eða nánara samstarf Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Miðstöðvar íslenskra bókmennta, Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Tónverkamiðstöðvar auk sviðslista, sem og Handverks og hönnunar og starfsemi áhugaleikfélaga“, eins og það var orðað. Hinn 18. desember 2018 var haldinn kynningarfundur í MRN á samantekt verkefnisstjóra um kynningarmiðstöðvarnar og aðra áður nefnda aðila. Vinnuhópnum var í framhaldinu falið að koma með athugasemdir við kynninguna sem skila ætti 4. janúar 2019 og beið sú vinna nýs framkvæmdastjóra um áramótin 2018/19.

Í framhaldinu ákvað ráðherra að skipa starfshóp sem ætti að greina kosti þess að sameina miðstöðvar í eina stofnun í stjórnarsýslunni. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu sem er aðgengileg á vef ráðuneytisins.



ÁRSREIKNINGUR 2019

ÁRITUN

SKÝRSLA UPPGJÖRSAÐILA

Til stjórnar Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Íslensku tónverkamiðstöðina vegna ársins 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Íslensku tónverkamiðstöðina við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans. Allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma fram í ársreikningnum.

Reykjavík, 11. júní 2020

F.h. Fastland ehf

Silja Dögg Ósvaldsdóttir

ÁRITUN

SKOÐUNARMENN

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar, höfum farið yfir ársreikning fyrir árið 2019 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 25. júní 2019

Haukur Tómasson (sign.)

Tryggvi M. Baldvinsson (sign.)

ÁRITUN

SKÝRSLA STJÓRNAR

Íslensk tónverkamiðstöð starfar í umboði þeirra einstaklinga sem eru félagar í henni.

Tap varð af reglulegum rekstri Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar á árinu 2019 kr. 3.854.848. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins kr. 4.343.706 og bókfært eigið fé í árslok er kr. 975.643.

Það er álit stjórnar að ársreikningur þessi sýni glögga mynd af þróun ársins og stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykavík, 26. júní 2020

Gunnar Andreas Kristinsson, stjórnarformaður (sign.)

Hildigunnur Rúnarsdóttir (sign.)

Egill Gunnarsson (sign.)

Bergljót Anna Haraldsdóttir (sign.)

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2019

	skýr- ingar	2019	2018
Rekstrartekjur			
	5		
Rekstrarstyrkir.....		15.600.000	18.187.370
Erlend sala.....		2.226.869	2.548.142
Raddleiga.....		2.324.977	2.880.574
Innlend sala.....		258.548	321.949
Aðrir styrkir.....		600.000	461.243
Höfundagreiðslur, innlendar.....		289.484	607.677
Höfundagreiðslur, erlendar.....		249.757	528.747
		<u>21.549.635</u>	<u>25.535.702</u>
Rekstrargjöld			
Vörunotkun.....	6	0	0
Laun og launatengd gjöld.....	7	16.428.601	15.406.345
Rekstur húsnæðis.....	8	1.615.386	1.535.574
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	9	6.749.595	6.810.645
Styrkir.....		600.000	0
		<u>25.393.582</u>	<u>23.752.564</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði.....		(3.843.947)	1.783.138
Fjármagnsliðir			
Fjármagnsgjöld.....		(21.143)	(10.307)
Fjármagnstekjur.....		10.242	6.962
		<u>(10.901)</u>	<u>(3.345)</u>
Afkoma ársins		<u>(3.854.848)</u>	<u>1.779.793</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2019

EIGNIR

	skýr- ingar	31.12.2019	31.12.2018
Veltufjármunir			
Vörubirgðir.....		1.378.100	1.378.100
Viðskiptakröfur.....		301.376	1.065.025
Aðrar skammtímakröfur.....	3	536.412	788.623
Handbært fé.....		2.127.818	3.070.243
		<u>4.343.706</u>	<u>6.301.991</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	skýr- ingar	31.12.2019	31.12.2018
Eigið fé			
	4		
Óráðstafað eigið fé.....		4.830.491	3.050.698
Hagnaður / (tap) ársins.....		(3.854.848)	1.779.793
Eigið fé samtals		<u>975.643</u>	<u>4.830.491</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		70.197	28.172
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....		1.662.437	1.399.280
Ógreidd höfundalaun.....		1.613.437	0
Ógreitt kreditkort.....		21.992	44.048
		<u>3.368.063</u>	<u>1.471.500</u>
Skuldir samtals		<u>3.368.063</u>	<u>1.471.500</u>
Skuldir og eigið fé		<u>4.343.706</u>	<u>6.301.991</u>

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2019

	2019	2018
Rekstrarhreyfingar		
Afkoma ársins.....	(3.854.848)	1.779.793
Hreint veltufé frá rekstri	<u>(3.854.848)</u>	<u>1.779.793</u>
Rekstrarliðir		
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		
Birgðabreyting.....	0	0
Breyting á rekstartengdum eignum.....	1.015.860	(1.008.943)
Breyting á rekstartengdum skuldum.....	1.896.563	213.033
Handbært fé frá (til) rekstri	<u>(942.425)</u>	<u>983.883</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	983.883	92.747
Handbært fé í upphafi árs	<u>2.086.360</u>	<u>1.993.613</u>
Handbært fé í lok árs	<u><u>3.070.243</u></u>	<u><u>2.086.360</u></u>

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Íslensk tónverkamiðstöð er hagsmunafélag og starfar á grundvelli laga um almenn fagfélög.

2. Reikningskilaaðferðir

Grundvöllur reikningskilanna

Ársreikningur Íslenskrar tónverkamiðstöðvar fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilavenjur. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningskilaaðferðum og á fyrra ári.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningskilum og er gerður í íslenskum krónum. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningskilaaðferðum félagsins.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

3. Aðrar peningalegar eignir

	<u>2019</u>
Fjármagnstekjuskattur.....	19.405
Paypal og kreditkort.....	517.007
	<u>536.412</u>

4. Eigið fé

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2019.....	0	4.830.491	4.830.491
Afkoma ársins.....	0	(3.854.848)	(3.854.848)
Eigið fé 31.12.2019.....	0	975.643	975.643

5. Rekstrartekjur

Á árunum 2017 og 2018 voru ranglega færðir styrkir, samtals að fjárhæð kr. 759.701, sem var leiðrétt á árinu 2019 og lækka því rekstrartekjur þess árs um þá fjárhæð. Þessar fjárhæðir tilheyru viðskiptakröfum félagsins.

SKÝRINGAR FRH.

	2019	2018
6. Vörunotkun		
Birgðir 01.01.....	1.378.100	1.378.100
Birgðir 31.12.....	(1.378.100)	(1.378.100)
	<u>0</u>	<u>0</u>
7. Laun og launatengd gjöld		
Laun.....	12.924.265	12.186.620
Lífeyrissjóðsframlag.....	1.744.780	1.562.693
Tryggingargjald.....	968.158	941.826
Stjórnarlausn.....	410.800	316.000
Sjóðsgjöld.....	177.914	165.924
Annar starfsmannakostnaður.....	108.000	97.210
Kaffikostnaður.....	55.723	99.055
Slysatrygging launþega.....	38.961	37.017
	<u>16.428.601</u>	<u>15.406.345</u>
8. Rekstur húsnæðis		
Húsaleiga.....	1.307.760	1.307.760
Vátryggingar.....	232.586	227.814
Viðhald húsnæðis.....	75.040	0
	<u>1.615.386</u>	<u>1.535.574</u>
9. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Höfundalaun v/sölu og leigu tónverka.....	2.227.486	831.129
Ferðakostnaður.....	790.173	707.477
Tækjaleiga.....	540.839	562.616
Reikningshald og skattskil.....	490.441	491.180
Pappír, prentun, ritföng.....	422.399	399.550
Rekstur tölvukerfis.....	367.374	653.922
Aðkeypt þjónusta.....	357.750	1.060.725
Gjaldfærð áhöld og tæki.....	292.710	0
Tónleikar, viðburðir, aðgangseyrir.....	192.930	63.980
Sími og net.....	184.725	365.376
Ráðstefnukostnaður.....	120.014	535.066
Félagsgjöld.....	116.284	116.416
Burðargjöld.....	114.070	57.608
Funda- og viðskiptakostnaður.....	106.336	30.705
Posaleiga.....	95.679	95.988
Paypal þóknun.....	83.805	78.756
Aðkeyptur akstur.....	78.340	29.190
Flutningskostnaður.....	43.424	58.934
Afskrifaðar kröfur.....	38.056	226.797
Bankakostnaður og þjónustugjöld.....	35.349	49.817
Erlend vörkúkaup.....	16.855	17.805
Gjafir og styrkir.....	14.545	52.764
Auglýsingar.....	13.816	307.121
Bílastæðasjóður.....	6.195	660
Aðflutningsgjöld.....	0	14.073
Blöð og tímarit.....	0	2.990
	<u>6.749.595</u>	<u>6.810.645</u>

ÍSLENSK TÓNVERKAMIÐSTÖÐ
LAUGAVEGI 105
105 REYKJAVÍK

TONVERKAMIDSTOD.IS
SHOP.MIC.IS

